



Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150REYKJAVÍK

11.11.2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi, 15. mál

Tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra að skipa í starfshóp fulltrúa þingflokka, atvinnulífsins og skólasamfélagsins sem vinni tillögur um átak til að efla starfsnám í framhaldsskólum, um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta og um stofnun fjöltækninámsbrauta innan tiltekinna fjölbrautaskóla. Markmið tillögunnar eru skv. greinargerð m.a. þau að efla starfsnám verulega, fjölga valkostum iðnmenntaðra og þeirra með styttri formlega skólagöngu til að bæta við menntun sína og draga úr brottfalli í framhaldsskólum.

Samtök atvinnulífsins taka sannarlega undir mikilvægi þess að efla starfsnám í framhaldsskólum, að komið verði á fót stuttum starfsnámsbrautum, að tryggt verði framboð á öflugum verk- og tækninámi, að dregið verði úr brottfalli í framhaldsskólum og að fjölgað verði valkostum iðnmenntaðra og þeirra sem styttri skólagöngu hafa til að bæta við menntun sína. Hið síðastnefnda er raunar verkefni sem SA og viðsemjendur þeirra hafa lengi starfað að með beinum hætti í gegnum starfsmenntasjóði SA og stéttarféлага. Mikilvægt er að tryggja framboð á námi fyrir þessa hópa sem nýtur viðurkenningar og er einingarbært gagnvart hinu formlega skólakerfi, sem og að fólk með t.d. verulega starfsreynslu og sem jafnvel hefur lokið ýmsum starfstengdum námskeiðum geti fengið metna svonefnda raunfærni sína, og þessu fólki þannig byggðar brýr inni hið formlega skólakerfi. Að þessum verkefnum m.a. starfar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem rekin er af SA og ASÍ í krafti þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið.

Allt eru framangreind mál skilgreindar áherslur atvinnulífsins sem SA telja mikilvægt að yfirvöld menntamála vinni að. SA taka ekki afstöðu til þess hvort skipan starfshóps með þeim hætti sem lýst er í tillögunni sé farsælasta leiðin að þessum markmiðum, en ítreka mikilvægi þess að yfirvöld menntamála vinni að þessum málum.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
Forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs